

EFTIRLITSSKÝRSLA

Olíudreifing ehf. Hvalfjörður



UMHVERFISSTOFNUN

Dags eftirlits	28.6.2017	Ábyrgðarmaður eftirlits	Gottskálk Friðgeirsson
Fyrirtæki	Olíudreifing ehf.	Eftirlitsmaður	Gottskálk Friðgeirsson
Heimili	Hólmahlóð 8 - 10, 101 - R	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	6606962069	Flokkur	Olía
Fulltrúi fyrirtækis	Gestur Guðjónsson	ÍSAT nr.	63.40
Fulltrúi fyrirtækis	Helgi Árnason	Staðsetning	381456,135 435175,315

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Við eftirlitið fannst ekki frávik frá kröfum í starfsleyfi. Ein athugasemd var gerð við olíubirgðastöðina.

UMFANG EFTIRLITS

Útlit olíubirgðastöðvarinnar hefur tekið stakkaskiptum frá síðasta eftirliti. Litla-Sandsstöðin er öll nýmáluð og unnið hefur verið í girðingum stöðvanna beggja. Myndavélar með hreyfiskynjum eru einnig til staðar en vindstrengir í dalnum hafa verið hreyfiskynjum erfiðir. Aukinn umgangur með fjölgun túrista í Hvalfirði skapað þörf fyrir betri girðingar.

Sest var yfir kröfur í starfsleyfi. Ýmsar mælingar og skráningar eru fyrirskipaðar við daglegan rekstur og nota skal rekstrarhandbók. Þar sem stöðin er mannlauð lengstan hluta dagsins og treyst er á girðingar og myndavélar með hreyfiskynjum þá er mikilvægt að prófanir á búnaði fari fram með reglulegu millibili. Skoðað var skráningarblað fyrir prófanir á lekaviðvörðunarkerfi. Mikilvægt er að prófanir á skynjum fari fram reglulega. Eins er gufuendurnýtingarkerfi tengt tölvu og hægt að skoða stöðuna á tækinu frá höfuðstöðvunum í Reykjavík. Vaktmaður kemur í daglega yfirferð og skráir hann athugasemdir sínar í dagbók stöðvanna og kvittar fyrir komu sinni.

Alls eru 15 olíugeymar í birgðastöðinni. Komið er að botnþykktarmælingum á alls sjö geymum (nr. T0124 til T0130), og sex geyma skal botnþykktarmæla á næsta ári. Búið er að endurnúmera geymana í Mið-Sandsstöðinni (T2030 til T2034).

Komið að þrýstiprófun á öllum lögnum í Litla-Sands stöðinni en lagnir í Mið-Sandsstöðinni skal þrýstiprófa á næsta ári.

Katódakerfi ver Mið-Sandsstöðina og þarf að ljúka að koma fyrir fórnarskautum í sjó og stilla af rafleiðni í öllu kerfinu.

Þegar eftirlitið fór fram var stöðin full af olíuefnum sem notuð eru við gerð eldsneytis. Nú hefur stöðin verið tæmd og framkvæmdir við tilskildar mælingar fara fram. Eins kom fram í lekaviðvörðunarkerfi Mið-Sandsstöðvarinnar leki í einum af niðurgröfnum geymunum. Brugðist var við því með því að minnka í geyminum þangað til lekinn stöðvaðist. Nú gefst tími til þess að finna gatið og gera við geyminn. Væntanlega verður geymirinn botnþykktarmældur á sama tíma.

Gufuendurnýtingarkerfi stöðvarinnar var skoðað og á gögnum í sjálfvirku skráningarkerfi tækisins sást að losun rokgjarnra lofttegunda var við skoðun í stöðinni um 6,4 g/Nm³/klst. Árlega skal mæla losunina með kvörðuðum mælum.

Skráningar á mánaðarblöð voru í lagi. Viðbragðsáætlun Olíudreifingar fyrir stöðina liggur fyrir og unnin hefur verið aðgerðaráætlun fyrir stöðina. Mikilvægir eru fundir og æfingar með Slökkviliði Akraness og Hvalfjarðarsveitar um viðbrögð í stöðinni.

Ábyrgðartrygging vegna mengunarslyss allt að 1 milljón SDR liggur fyrir.

ATHUGASEMDIR


Neðanjarðarkerfi geyma og lagna í Mið-Sandsstöðinni byggir á katóðuvörn. Við prófanir var stærstur hluti kerfisins virkur en endurnýja þarf fórnarskaut við aðstöðu á bryggju. Mikilvægt er að ljúka endurnýjuninni þar sem ólíklegt er að aðrar tæringarvarnir séu til staðar.

ANNAÐ

Mæla skal óúleifar í frárennsli olíuskilja á árinu.

- 1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
- 2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 17.11.2017



Gottskálk Friðgeirsson